

Áskoranir í vetrarfríinu á vegum Heilsueflandi Uppsveita:

Rattleikur fyrir fjölskylduna: bæði mánudag og þriðjudag (22.-23. Feb.) verður í gangi rattleikur í öllum þorpunum í uppsveitunum: Á Borg, Laugarvatni, Laugarási, Reykholti, Flúðir, Árnesi og í Brautarholti. Athugið að þar sem það er búið að vera hlýtt í veðri að þá getur gott að vera í stígvélum 😊

Rattleikurinn er í appinu: TurfHunt sem má finna bæði á App Store og Google Play.

- Þegar appið er opnað þá þarf að þysja inn á þitt þorp og finna þar rattleik merktur þínu þorpi: Vetrarfrí 2021
- Þegar sá leikur er valinn kemur skjár þar sem stendur fyrir miðju „SækjaMB“. Ýtið á þann valmöguleika og eftir smá stund byrtist á sama stað: „Byrja“.
- Næst þarf að skrá nafn og tölvupóst (ef þú vilt eiga von á verðlaunum).
- Þegar það er búið þá byrtist nýr skjár og þar neðst mun standa: „Hefja leik núna“. Svo er annað hvort að bíða í smá stund eða ýta á „Ræsi leik“

Þegar þið byrjið á rattleiknum þá er gott að:

- Hækka hljóðið
- Stundum þarf að þysja inn eða út þegar leitað er að næsta punkti á kortinu.

Fimmtudaginn 25. Febrúar verða dregin út verðlaun fyrir þá sem klára leikinn.

- Frímiðar í sund
- Skyndihjálpartöskur fyrir bakpokann
- Gjafabréf: frá Pizzavagninum, Korngrís og Gömlu Lauginni á Flúðum.

Gangi ykkur vel!